

Stöðvast smíði skuttogara á Spáni?

Skipasmíðastöðin telur sig hafa tapað 135 milljónum á fyrstu 4 togurunum og vera á barmi gjaldþrots – Vill að ríkissjóður greiði helming tapsins

— Jú, okkur hafa borizt fregnir af því, að skipasmíðastöðin á Spáni eigi í fjárhagserfiðleikum, sagði Jón Sigurðsson ráðuneytissjórni i fjármálaráðuneytinu, þegar Morgunblaðið bar í gær undir hann fregnir um að spænska skipasmíðastöðin Luzuriaga væri á barmi gjaldþrots og krefðist til viðbótar tug

milljóna króna fyrir smíði íslensku skuttogarana.

Jón sagði að íslensk stjórnvöld hefðu enn ekki tekið ákvörðun um viðbrögð við þessum fregnum, en það yrði gert næstu daga. Fyrsta skrefið væri að ganga úr skugga um raunverulega fjárhagsstöðu skipasmíðastöðvarinnar, því að vissulega væri mikið í húfi fyrir Íslendinga. Samningurinn við spænsku skipasmíðastöðina væri mikill að vöxtum — hljóðaði upp á 6 skuttogara, sem hver um sig kostaði í kringum 200 milljónir. Þar af er einn þegar kominn til landsins, þrír langt komnir en ekki byrjað á tveimur.

Hins vegar taldi Jón ekki mikla hættu á, að gjaldþrot skipasmíðastöðvarinnar kynni að valda Íslendingum stórkostlegu fjárhagslegu tjóni, því að þannig væri frá samningum gengið. Hins vegar gæti slíkt gjaldþrot valdið okkur umtalsverðum vandræðum og töfum. En við vitum einfaldlega ekki nógu mikið ennþá til að geta áttað okkur á hver staðar okkar er

raunverulega, sagði ráðuneytissjórinn.

Samkvæmt upplýsingum, sem Morgunblaðið hefur aflað sér, mun spænska skipasmíðastöðin telja, að hún hafi tapað 90 milljónum peseta á smíði fyrstu fjögurra skuttogaranna fyrir Íslendinga eða um 135 milljónum króna. Hafa fulltrúar skipasmíðastöðvarinnar farið fram á, að kaupandinn, þ. e. ríkissjóður, taki á sig helming, þess taps eða um 67 milljónir króna.

Auk þess telja fulltrúar skipasmíðastöðvarinnar allt í óvissu um, hvort stöðin geti staðið við samninga um smíði á tveimur togurum fyrir Útgerðarfélag Akureyringa. Telja Spánverjar sig þurfa 7 milljóna peseta eða rúmli. 10 milljón króna viðbótarverð á hvorn togara, ef skipasmíðastöðin eigi að ráða við verkefnið.

Fulltrúar Spánverja telja skipasmíðastöðina á barmi gjaldþrots nema lausn finnist á fjárhagserfiðleikum hennar, og telja að jákvæð viðbrögð íslenskra stjórnvalda geti mikið hjálpað upp á sakirnar. Fjármálaráðuneytið hefur nú þetta mál til athugunar, eins og áður kemur fram, en búið er að fela fjármálaráðherra og sjávarútvegsráðherra meðferð þess.

Engin kæra

MORGUNBLAÐINU hefur borizt eftirfarandi tilkynning frá bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum:

„Vegna ummæla, sem fram hafa komið í fjölmiðlum um að fréttamenn hafi gerzt sekir um ólöglega töku bifreiðar hér í Vestmannaeyjum, skal tekið fram, að lögreglunni í Vestmannaeyjum hefur engin kæra borizt um þetta efni.“

VW mest selda bifreiðin Bifreiðainnflutningurinn í fyrra 7.132 bifreiðar

BIFREIÐAINNFLUTNINGUR landsmanna á sl. ári nam alls 7.132 bifreiðum og er það 597 bifreiðum minna en flutt var inn allt árið 1971. Af bifreiðainnflutningnum nú eru 6.420 bifreiðar með bensinhreyfli en 712 dieselbifreiðar.

Á sl. ári voru fluttar inn 5.753 fólksbifreiðar nýjar en 6.434 árið 1971. Hins vegar voru fluttar inn í fyrra 772 notaðar fólksbifreiðar en 625 árið á undan. Þá voru fluttar inn 237 sendibifreiðar notaðar og nýjar, en 302 árið á undan og 302 vörubifreiðar en 320 árið 1971.

Þegar lítið er á einstök bílmerki í flokki fólksbifreiða kemur í ljós, að sem fyrr hefur mest verið flutt inn af Volkswagen eða 817 bifreiðar, 582 Ford-bifreiðar, 458 Fiat (þar af 99 pólskar), 437 Toyota, 395 Volvo, 314 Land Rover, 313 Saab, 310 Skoda, 287 Moskvitch og 277 Sunbeam.

Af sendibifreiðum var einnig flutt inn mest af Volkswagen eða 55, 50 Moskvitch og 48 Ford, en af vörubifreiðum mest af Mercedes Benz eða 66, 62 Scania og 44 Volvo.



Nýjar bifreiðar í margföldum röðum á vörugymslusvæði Eimskips. (Ljós. Mbl.: Ól. K. M.)

Merkt einkaframtak á Tálknafirði

Reykvískur húsasmíðameistari hyggst reisa þar einbýlishúshverfi

Tálknafirði, 7. febrúar.

HÚSASMÍÐAMEISTARI einn í Reykjavík hefur ákveðið að ráðast í þær framkvæmdir hér á Tálknafirði að reisa 8 einbýlishús í einni lotu næsta vor. Eiga þetta að verða 130 fermetra strengjasteyppuhús. Húsameistarinn er fyrir þessu stendur og annast byggingarnar að öllu leyti heitir Ingibjartur Þorsteinsson, pípulagningameistari í Reykjavík en ættaður frá Hrauni í Tálknafirði.

Búið er að skipuleggja svæðið, þar sem húsin eiga að rísa, nú fyrir nokkru. Eiga þau að rísa við nýja götu hér í þorpinu, sem fengið hefur heitið Tún-

gata og verður einnig byrjað á henni í vor. Mikill áhugi er fyrir þessum framkvæmdum meðal íbúa hér í Tálknafirði, enda hefur það verið húsnaðisskorturinn, sem hvað mestu hefur staðið uppgangi staðarins fyrir þrífum til þessa. Eru miklar líkur á að þessi 8 hús séu þegar seld.

Ingibjartur fjármagnar sjálfur allar þessar framkvæmdir, og selur hann húsin tilbúin undir tréverk. Við Tálknfirðingar eru sannfærðir um að þetta tilboð sé einstakt, ef allt fer eins og áætlað er, og geti haft verulega þýðingu fyrir framtíðarþróun byggingarlagsins. Ingibjartur mun einnig hafa lýst sig reiðubúinn til að byggja átta önnur slík einbýlishús, ef vel tekst til með þennan áfanga.

Á Tálknafirði búa nú um 250—60 íbúar, en með þessu aukna húsnaði er ekki ólíklegt að íbúum geti fjölgað um 40 manns og munar þorpi af þessari stærð um það. Þess má þá til gamans geta, að framleiðslan hjá frystihúsinu hér nam milli 80 og 90 milljónum króna á síðastliðnu

ári, og er það um 400 þúsund króna gjaldeyrisöflun á hvern íbúa. Með 100 manns til viðbótar gætum við tvöfaldað framleiðsluna.

Fyrir liggur 12 milljóna króna kostnaðaráætlun um breytingar á frystihúsinu hér með tilliti til aukinna hreinlætiskrafna vegna útflutnings sjávarafurða á Banda ríkjamarkað, en það mun vera á valdi ríkisins hvenær ráðið verður í þær framkvæmdir. Þá stendur einnig til að gera sjúkraflugvöll á svonefndu Bakkalandi og er til þess varið einni milljón kr. í ár. Mun Tálknafjörður vera eini staðurinn á Vestfjörðum, sem ekki hefur sjúkraflugvöll, og er augljóst að mikil bót verður að þessum flugvelli með tilliti til öryggis og heilbrigðisþjónustu Tálknfirðinga.

— Fréttaritari.

Ekið á kyrrstæða bifreið

Á TÍMANUM kl. 13—15 á miðvikudag var ekið á græna Cortina-bifreið, R-27829, á staði suðvestan við verksmiðju Sláturfélagsins á Grensásvegi 14—16, og vinstra afturbretti hennar dældað. Þeir, sem kynnu að geta gefið upplýsingar um ákeyrsluna, eru beðnir að láta rannsóknarlögregluna vita.

Listaverkasýning — til styrktar Vestmannaeyingum

Í DAG opnar sýning í Listasafni ríkisins, sem haldin er á vegum Félags íslenskra myndlistarmanna. Ágóða sýningarinnar verður varið til styrktar bágstöddum Vestmannaeyingum.

Alls eru 80 listaverk til sölu á sýningunni í Listasafninu, þar af 60 málverk eftir 45 málara, grafíkmyndir, höggmyndir og handvefnaður.

Ákveðið lágmarksverð er á hverjum hlut fyrir sig, en gestum er heimilt að gera tilboð í hlutinn, og hann síðan seldur á hæsta verði. Aðgangur að sýningunni er ókeypis, en til sölu er sýningarskrá, sem einnig er happdrættismiði. Vinningar í

happdrættinu eru 4 málverk, 2 myndir eftir Kjarval, 1 eftir Jón Engilberts, 1 eftir Nínu Tryggvadóttur og 1 eftir Finn Jónsson.

Að sögn Valtýs Péturssonar, formanns Félags ísl. myndlistarmanna, var vel tekið í sýningu þessa, og allir, sem til var leitað voru boðnir og búnir til að leggja sinn hlut að máli til að vel mætti takast.

Valtýr gat þess einnig, að sýning af þessu tagi hefði aldrei verið haldin hérlandis áður.

Sýningin er opin frá kl. 4—10 í dag, og er öllum heimill aðgangur. Á föstudag, laugardag og sunnudag verður hún opin frá kl. 3.30 til 22.